

Starfsreglur háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands

Samþykkt af háskólaráði 27. febrúar 2024

1. Hlutverk háskólaráðs

Lög og reglur

Hlutverk háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands er skilgreint í lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008, einkum í 5. gr. laganna, en einnig er ákvæði um hlutverk og verkefni ráðsins að finna í öðrum greinum laganna. Í reglum fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands nr. 366/2020, sem háskólaráð hefur sett, eru fyrir mæli laganna nánar útfærð og m.a. kveðið á um ákvörðunarvald í einstökum málefnum.

Fulltrúum í háskólaráði er skylt að kynna sér lög og reglur, þ.m.t. siðareglur, sem háskólinn starfar eftir.

2. Skipan háskólaráðs

Fulltrúar í háskólaráði eru sjö að rektor meðtöldum sem er forseti ráðsins. Auk rektors eiga sæti í ráðinu til tveggja ára í senn; tveir fulltrúar háskólasamfélagsins, einn fulltrúi nemenda, einn fulltrúi tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra og tveir fulltrúar tilnefndir af þeim ofangreindu fulltrúum sem fyrir eru í ráðinu. Háskólaráðsfundur er ályktunarfær ef fimm af sjö atkvæðisbærum fulltrúum sitja fund. Ef fulltrúi í ráðinu getur ekki sótt fund skal boða varamann. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði rektors úr eða þess er gegnir fundarstjórn. Háskólaráð kys úr sínum hópi varaforseta ráðsins sem stýrir fundi í forföllum rektors. Fulltrúar í háskólaráði skulu einungis bundnir af eigin dómgreind um það hvernig best megi stuðla að framgangi og farsælu starfi Landbúnaðarháskóla Íslands.

Fræðsla fyrir nýja fulltrúa í háskólaráði

Við upphaf annars hvers háskólaárs, þegar nýtt háskólaráð tekur til starfa, er boðið upp á stutt námskeið fyrir nýja fulltrúa í ráðinu þar sem farið er yfir starfsreglur háskólaráðs og meginatriði í skipulagi, starfsemi og rekstri skólans. Rektorsskrifstofa hefur umsjón með námskeiðinu.

3. Fundir háskólaráðs, boðun þeirra og fundargerðir

Fundir og boðun þeirra

Skrifstofa rektors birtir áætlun um fundardagsetningar í upphafi háskólaárs. Háskólaráð heldur fundi að jafnaði fjórða þriðjudag í mánuði á tímabilinu frá september til júní. Fundir fara fram í fundarstofum í Ásgarði

Ábyrgð: Rektor- Ragnheiður I Þórarinsdóttir
Útgáfa: 8.0
Útgáfudagsetning: 3.3.2023

Bls: 1

að Hvanneyri, á Keldnaholti eða á fjarfundi (s.s. í gegnum TEAMS). Rektor boðar fundi og stjórnar þeim. Æski þír fulltrúar í háskólaráði fundar er rektor skylt að boða til hans.

Skrifstofa rektors minnir á fund með tölvupósti ekki síðar en viku fyrir fund og er fundarboð með dagskrá og fundargögn að jafnaði sent út eða aðgengilegt á vefsvæði ráðsins á föstudegi í vikunni fyrir fund.

Dagskrá

Fundarboð skal innihalda tímasetta dagskrá og yfirlit yfir mál sem eru til afgreiðslu á fundinum og mál sem eru til kynningar.

Undir liðinn “bókfærð mál” í dagskránni heyra ýmis mál sem þarfnast ekki sérstakrar umræðu en háskólaráð þarf að samþykkja. Þetta fyrirkomulag er til þess að gera starf háskólaráðs skilvirkara og gefa því aukið ráðrúm til að fjalla um viðamikil mál, sbr. tölulið 7. Óski fulltrúar í háskólaráði að gera athugasemdir eða ræða einstök bókfærð mál skulu þeir gera grein fyrir því í upphafi fundar en að öðrum kosti skoðast þau samþykkt.

Tillögur að nýjum reglum eða breytingum á gildandi reglum skulu að jafnaði lagðar fyrir háskólaráð á fundum þess í október og apríl. Tillögur að nýjum námsleiðum skulu að jafnaði lagðar fyrir í nóvember. Í upphafi hvers misseris skal lagt fram yfirlit um nefndir, stjórnir og ráð sem háskólaráð hefur aðkomu að og fyrirséð er að skipa þurfi á misserinu.

Að jafnaði fer fram á fundum háskólaráðs kynning á starfi deilda, nefnda, starfsstöðva háskólans og helstu samstarfsaðilum.

Undirbúningur og frágangur mála

Mál skulu að jafnaði ekki borin upp til ákvörðunar á fundum háskólaráðs nema fulltrúar í ráðinu hafi fengið gögn málsins eða fullnægjandi upplýsingar um það fyrir fundinn og haft ráðrúm til að kynna sér efni þess. Heimilt er að víkja frá þessu telji ráðið nægjanlega hagsmuni í húfi og að nægar upplýsingar hafi verið lagðar fram á fundinum. Rektor annast undirbúning og frágang mála fyrir háskólaráð og fylgir eftir ákvörðunum þess.

Form gagna

Fundarboð, fundargögn og önnur gögn sem styðja störf háskólaráðs eru gerð aðgengileg á sérstöku lokuðu vefsvæði ráðsins.

Ákvarðanir háskólaráðs, fundargerðir og birting þeirra

Rituð er fundargerð þar sem ákvarðanir háskólaráðs eru skráðar. Fulltrúi í háskólaráði ritar fundargerð og er fundargerð jafnan lesin upp og samþykkt í lok fundar. Ef það næst ekki af einhverjum ástæðum þá sendir ritari

fundarins fulltrúum í ráðinu drög að fundargerð í kjölfar fundar og gefur þeim kost á að koma á framfæri athugasemdum. Komi ekki fram athugasemdir innan þriggja daga skoðast fundargerðin samþykkt. Fundargerðir eru sendar rafrænt til undirritunar og varðveittar í skjalasafni háskólans. Fundargerðir ráðsins og tilkynningar um ákvarðanir þess eru birtar á vef háskólans.

Fundargerðir skulu birtar eigi síðar en 10 dögum eftir fund. Eftir því sem lög kveða á um skal birta tilkynningar og auglýsingar um ákvarðanir háskólaráðs í B-deild Stjórnartíðinda eða á öðrum opinberum vettvangi. Aðilum sem ákvarðanir háskólaráðs varða skal tilkynnt um þær skriflega eftir því sem við á.

Rafrænir fundir

Rektor getur óskað eftir því þegar sérstaklega stendur á að háskólaráð afgreiði með rafrænum hætti einstök mál sem ekki þola bið og þarfnast staðfestingar háskólaráðs fyrir tilgreindan tíma. Ef kostur er skal þetta ákveðið á næsta reglulega fundi ráðsins á undan, en ella er rektor heimilt að ákveða slíkan fund ef nauðsyn ber til vegna ófyrirséðra atvika.

Rafrænn fundur fer fram með tölvupósti eða með öðrum hentugum rafrænum hætti. Rektor boðar rafræna fundi með minnst eins dags fyrirvara. Dagskrá fundar ásamt viðeigandi gögnum skal fylgja fundarboði. Skýrt skal koma fram í dagskrá hvert málefni rafræna fundarins er, hvaða ákvörðun þarf að taka og hvers vegna hún þolir ekki bið. Eftir því sem mögulegt er skal rektor setja fram rökstudda tillögu um afgreiðslu máls. Rafrænn fundur stendur að jafnaði í einn sólarhring og skal koma fram á dagskrá hvenær fundur hefst og hvenær honum verður lokið.

Fulltrúar í háskólaráði taka afstöðu til tillagna um afgreiðslu með því að lýsa sig samþykka tillögu eða andvíga eða með því að sitja hjá. Þegar fulltrúi lýsir afstöðu sinni skal hann gera það þannig að allir aðrir fulltrúar í ráðinu fái upplýsingar um þá afstöðu. Fulltrúar geta jafnframt lagt fram bókun með atkvæði sínu. Óski einhver fulltrúi eftir því að áður en afstaða er tekin verði málið rætt skal boðað til aukafundar í háskólaráði með reglulegu sniði eins fljótt og nauðsynlegt er vegna efnis máls.

Rituð er fundargerð þar sem ákvarðanir eru skráðar. Í kjölfar rafræns fundar sendir ritari fundarins fulltrúum í ráðinu drög að fundargerð og gefur þeim kost á að koma á framfæri athugasemdum. Komi ekki fram athugasemdir innan sólarhrings skoðast fundargerðin samþykkt og skal lögð fram og undirrituð rafrænt eins og venja er og birt með sama hætti og fundargerðir reglubundinna funda.

Aðrir fundarmenn

Háskólaráð getur kallað starfsmenn skólans eða aðila að málum sem eru til umfjöllunar hjá háskólaráði hverju sinni til að koma inn á fundi ráðsins undir einstökum dagskrárlíðum og skal það þá koma fram í fundargerð.

4. Aðgangur að gögnum

Háskólaráð skal hafa aðgang að gögnum sem varða háskólann og nauðsynleg eru til þess að ráðið geti sinnt hlutverki sínu og eftirlitsskyldu sinni. Upplýsingagjöf til háskólaráðsfulltrúa fer í gegnum rektor.

5. Vanhæfi og hagsmunaárekstrar

Gæta skal að hæfisreglum II. kafla stjórnssýslulaga nr. 37/1993 við ákvarðanir í háskólaráði. Með vanhæfi er átt við að nefndarmaður hafi slík tengsl við mál eða aðila, sem er til meðferðar, að þau geti verið til þess fallin að hafa áhrif á meðferð máls og niðurstöðu. Í 3. gr. stjórnssýslulaga kemur meðal annars fram að nefndarmaður sé vanhæfur til meðferðar máls ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmáður eða umboðsmáður aðila eða ef hann hefur nán fjölskyldutengsl við aðila. Forseti háskólaráðs skal í upphafi hvers fundar kanna meðal fulltrúa í ráðinu hvort þeir telji sig vanhæfa til að fjalla um einstök mál á dagskrá.

6. Þagnar- og trúnaðarskylda

Á fulltrúum í háskólaráði hvílir þagnarskylda um málefni háskólans og annað sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem háskólaráðsfulltrúar og leynt skal fara skv. lögum, eðli máls eða ákvörðun háskólaráðs. Þagnarskylda gildir jafnframt eftir að setu í háskólaráði er lokið. Þegar háskólaráðsfulltrúi hættir í ráðinu skal hann sjá um að gögn, sem hann hefur mótttekið í sambandi við stjórnarstörf sín, komist ekki í hendur óviðkomandi aðila.

Rektor er málsvari ráðsins. Öðrum háskólaráðsfulltrúum er heimilt að tjá sig opinberlega um málefni háskólans í eigin nafni, en ekki í nafni háskólans nema þeim hafi verið sérstaklega falið að gera svo af forseta ráðsins. Við opinbera umfjöllun skulu háskólaráðsfulltrúar ávallt hafa hagsmuni háskólans að leiðarljósi og gæta þagnar- og trúnaðarskyldu sinnar.

7. Helstu verkefni háskólaráðs

Stjórnun og stefnumörkun háskólaráðs og rektors

Háskólaráði er ásamt rektor falin stjórn háskólans. Háskólaráð markar að frumkvæði rektors heildarstefnu í málefnum háskólans [í gildi er *Stefna Landbúnaðarháskóla Íslands 2024-2028*], mótar skipulag og fer með almennt eftirlit með starfsemi í heild, einstakra fagdeilda, stoðþjónustu og starfsstöðva og ber ábyrgð á því að háskólinn starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Háskólaráð annast staðfestingu á almanaki, námskrám og kennsluskám háskólans.

Reglusetningar- og úrskurðarvald

Háskólaráð setur reglur um starfsemi háskólans á grundvelli laga, fer með úrskurðarvald í málefnum skólans, einstakra deilda, fyrirtækja og eigna sem honum tengjast og heyra undir háskólaráð. Undanskilin eru málefni einstakra starfsmanna sem eru alfarið á forræði rektors sem forstöðumanns stofnunarinnar, sbr. ákvæði laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

Háskólaráð setur skólanum siðareglur sbr. 2. mgr. 2. gr. a. laga nr. 63/2006 og persónuverndarstefnu, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 90/2018.

Árleg starfsáætlun

Að frumkvæði rektors leggur háskólaráð fram til afgreiðslu starfsáætlun sína í upphafi hvers starfsárs, m.a. á grundvelli gildandi stefnu Landbúnaðarháskóla Íslands og þriggja ára fjárhagsáætlunar háskólans. Í starfsáætlun er tilgreint hvaða málefni ráðið hyggst setja á dagskrá á starfsárinu.

Fjármál og rekstur

Ráðið samþykkir fjárhagsáætlun fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands til þriggja ára í senn sem er endurskoðuð árlega. Ráðið hefur eftirlit með rekstri háskólans, þ.m.t. reikningshaldi, meðferð fjármuna og samstarfssamningum, félögum, fyrirtækjum, bújörðum, sjóðum og öðrum eignum háskólans.

Samningar og umsjón með eignum

Háskólaráð ber ábyrgð á framkvæmd samstarfssamninga sem háskólinn gerir og hefur yfirumsjón með fyrirtækjum, bújörðum, sjóðum og eignum og fer með eignarhlut háskólans í fyrirtækjum. Ráðinu er heimilt að semja við samtök stúdenta, hollvinasamtök, samtök og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd skólans.

Skipan í stjórnir, ráð og nefndir

Háskólaráð skipar í ýmsar nefndir, skv. lögum, reglum, samningum eða fyrir beiðni stjórnvalda.

Starfsnefndir háskólaráðs

Á vegum háskólaráðs og rektors starfa nú eftirtaldar starfsnefndir: Siðanefnd, gæðanefnd, jafnréttisnefnd og öryggisnefnd. Starfsnefndirnar eru ráðgefandi hver á sínu sviði, en fara hvorki með framkvæmda- né ákvörðunarvald, nema sérstaklega sé kveðið á um það í erindisbréfi sem háskólaráð setur.

Háskólafundur

Ábyrgð: Rektor- Ragnheiður I Þórarinsdóttir
Útgáfa: 8.0
Útgáfudagsetning: 3.3.2023

Bl: 5

Fulltrúar í háskólaráði eiga sæti á háskólafundi með málfrelsi og tillögurétt en aðrir fulltrúar en rektor og fulltrúar háskólasamfélagsins sitja þar án atkvæðisréttar.

8. Hlutverk rektors

Stjórnunar- og ákvörðunarvald

Rektor fer með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans á milli funda háskólaráðs. Eins og kveðið er á um í lögum er rektor yfirmaður stjórnslu háskólans og æðsti fulltrúi hans innan háskólans og utan hans. Hann stýrir starfsemi háskólans og ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi hans, þ.m.t. ráðningar- og fjármálum einstakra deilda. Hann ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana og að þær séu samþykktar af háskólaráði.

Rektor er heimilt að skipa starfshópa sem eru honum til ráðgjafar og aðstoða við stefnumótun um einstök málefni og sinna tilteknum verkefnum samkvæmt erindisbréfi.

Eftirlit

Rektor er opinber embættismaður sem er skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra skv. tilnefningu háskólaráðs. Um starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands og störf rektors gilda m.a. ákvæði laga um háskóla nr. 63/2006, laga um opinbera háskóla nr. 85/2008, stjórnslulaga nr. 37/1993, upplýsingalaga nr. 50/1996 og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Mennta- og menningarmálaráðuneytið samþykkir rekstraráætlun og Ríkisendurskoðun endurskoðar ársreikning Landbúnaðarháskóla Íslands.

9. Þóknun

Fulltrúar og varafulltrúar í háskólaráði, að rektor undanskildum, fá greidda þóknun fyrir fundarsetu, 10 einingar fyrir hvern fund sem þeir sækja. Greiðslan miðast við þóknunataxta skv. launaflokki Nefndarlaun 542-222. Þóknun til fulltrúa í háskólaráði er greidd einu sinni á ári í febrúar.

10. Árangursmat

Fyrir lok hvers starfsárs skal háskólaráð taka saman greinargerð um störf sín á undangengnu starfsári og leggja mat á árangur og gera tillögur til úrbóta, þ.m.t. eftir því sem ástæða er til á starfsreglum ráðsins. Slíku mati er

Ábyrgð: Rektor- Ragnheiður I Þórarinsdóttir
Útgáfa: 8.0
Útgáfudagsetning: 3.3.2023

Bls: 6

ætlað að bæta vinnubrögð og tryggja skilvirkni háskólaráðs. Háskólaráð velur ritstjóra innan ráðsins. Nefndin getur leitað sérfræðiaðstoðar við matið ef þurfa þykir.

11. Endurskoðun starfsreglnanna

Starfsreglur þessar eru settar af háskólaráði Landbúnaðarháskóla Íslands. Allir háskólaráðsfulltrúar fá eintak af starfsreglunum þegar þeir taka sæti í ráðinu. Starfsreglurnar skulu endurskoðaðar í upphafi hvers starfsárs og eftir ástæðum gerðar á þeim breytingar, sem háskólaráð ákveður.

Þannig samþykkt á fundi háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands 27. febrúar 2024.

Reglurnar voru unnar með hliðsjón af Starfsreglum Háskólaráðs Háskóla Íslands